

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 145/2025

frá 13. júní 2025

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/111 frá 23. janúar 2025 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 að því er varðar áframhaldandi lofthæfi loftfara með raf- og blendingshreyfla og önnur óhefðbundin loftför ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við á eftir lið 66q (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32025 R 0111**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/111 frá 23. janúar 2025 (Stjtið. ESB L, 2025/111, 24.1.2025).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2025/111, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2025/111, 24.1.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2025/111/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 13. júní 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING